

Kennsluáætlun

Haust- og vorönn 2018 - 2019

Bekkur: 2.bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari: Sigríður Bjarney Guðnadóttir

Námsefni:

- Ýmsar lestrarbækur sem henta í byrjendalæsi
- Lestrarlandið 1 og 2
- Skrift 2
- Ýmis ljósrituð verkefni
- Verkefna-og úrklippubókin
- Stóra sögubókin mín
- Ritrún

Bækur/efnisþættir:

- **Byrjendalæsi:** Notast verður við kennsluaðferðina byrjendalæsi. Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi sem hefur verið mótuð og þróuð við Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri í samvinnu við skóla á Norðurlandi undir forystu Rósu Eggertsdóttur. Viðhorf til náms og kennslu í Byrjendalæsi eru í anda hugsmíðahyggju sem gengur í raun út á það að nemendur læri með því að byggja ofan á fyrri reynslu og þekkingu. Áhersla er lögð á fjölbreytni og sveigjanleika í námsaðstæðum barnanna. Góðar barnabækur er sá efniviður sem unnið er með í námi og kennslu, jafnt í tæknilegri vinnu með stafi og hljóð sem og vinnu með orðaforða og skilning. Ýmist er unnið með fjölbreytt námsgögn, spil, ljósrituð verkefni, sögubók eða verkefna- og úrklippubækur.

○ Grunnstoðir Byrjendalæsis

- Lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir
- Merkingarbær viðfangsefni
- Námi er félagslegt ferli – samvinna
- Unnið út frá gæðatexta
- Einstaklingsmiðun í kennslu

- Nám án aðgreiningar
 - Samvinna nemenda í námi
- **Lestrarlandið:** Grunnbók í íslensku sem unnið er í samhliða vinnu í Byrjendalæsi.
 - **Ritrún:** Aukabók sem hver vinnur í á sínum hraða.
 - **Skrift:** Æfingabók í skóla með forskrift

Helstu kennsluáðferðir: Unnið er með ákveðinn gæðatexta í hverri viku, kennari les fyrir nemendur, unnið með lykilorð og ákveðin markmið út frá hverjum texta. Mikið unnið í hringekju, paravinnu og á vinnusvæðum.

Samþætting námsgreina: Textar og verkefni samþætt við náttúru- og samfélagsfræði og stærðfræði.

Lestur: Yfirferð í lestri miðast við getu hvers og eins en stefnt er að því að sem flestir lesi grunnefni vetrarins. Ætlast er til þess að nemendur lesi 5 daga vikunnar heima og skrái orð í skriftabók samhliða til að þjálfa stafdrátt. Hver nemandi les einu sinni í viku í skóla fyrir kennara/stuðningsfulltrúa.

Bækur sem verða notaðar veturinn 2018 – 2019:

- **Maríubjallan Snjalla**
- **Komdu og skoðuðu bílinn**
- **Greppikló**
- **Grallarar í gleðileit**
- **Leyndarmálið hennar ömmu**
- **Gula sendibréfið**
- **Ljóðið Hillur**
- **Komdu og skoðuðu Fjöllin**
- **Súperamma og sjóræningjarnir**
- **Sófus og svínið**
- **Úti í myrkrinu**
- **Komdu og skoðuðu eldhúsið**